

**Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps.****Þjóðminjasafni Íslands, 15. maí 2019, kl. 14:00.**

1. **Fundur settur, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Sarps (RS) setti fundinn kl. 14.00 í veikindaförföllum Þorbjargar Gunnarsdóttur formanns stjórnar. Fyrsta mál á dagskrá var kjör fundarstjóra og fundarritara. Tillaga var borin upp um að Erla S. Árnadóttir yrði fundarstjóri. Var það einróma samþykkt.
2. **Fundarstjóri tekur við fundarstjórn:** Fundarstjóri tók til máls og lagði til að Inga Jónsdóttir væri fundarritari sem var einróma samþykkt. Fundarstjóri lýsti fundinn löglega boðaðan og fór því næst yfir lista fulltrúa aðildarsafna, kosningarétt og umboð.

Heiti safns	Eignarhlutur safns	Viðvera á aðalfundi 2019	Nafn þess sem fer með umboð
Þjóðminjasafn Íslands	32,5	32,5	Þorvaldur Böðvarsson
Borgarsögusafn (áður Minjasafn Reykjavíkur)	9,0	9,0	Gerður Róbertsdóttir
Listasafn Íslands	7,0	7,0	Anna Guðný Ásgeirsdóttir
Minjasafnið á Akureyri	6,0		
Byggðasafnið Skógum	4,5		
Meningarmiðstöð Þingeyinga	2,5		
Byggðasafn Skagfirðinga	3,5		
Byggðasafn Árnesinga/Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	2,0		
Listasafn Kópavogs Gerðarsafn	2,0		
Hafnarborg	2,0	2,0	Ágústa Kristófersdóttir
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	1,5	1,5	Sigrún Ásta Jónsdóttir
Meningarmiðstöð Hornafjarðar	2,0		
Síldarminjasafn Íslands	1,5		
Minjasafn Austurlands	1,5		
Listasafn Reykjanesbæjar	1,5		
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1,5		
Safnahús Borgarfjarðar	1,5		
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1,5		
Nýlistasafnið	1,0		
Byggðasafnið Akranesi	1,5		
Örnefnasafn Árnastofnunar	1,0		
Hönnunarsafn Íslands	1,0	1,0	Sigríður Sigurjónsdóttir
Byggðasafn Dalvíkurbyggðar Hvoll	1,0		
Tækniminjasafn Austurlands	1,0		
Listasafn ASÍ	1,0		
Byggðasafn Garðskaga	1,0		
Minjasafnið Bustarfelli	1,0	1,0	Sveinbjörg Sveinsdóttir
Byggðasafn Vestfjarða	1,0		

ES

Norska húsið - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1,0		
Byggðasafnið Reykjum	1,0		
Minjastofnun Íslands ( áður húsafriðunarnefnd)	0,5	0,5	Ásta Hermannsdóttir
Ljósmyndasafnið Ísafirði	0,5		
Listasafn Árnesinga	0,5	0,5	Inga Jónsdóttir
Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti	0,5		
Myntasafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns	0,5		
Byggðasafn Dalamanna	0,5		
Iðnaðarsafnið á Akureyri	0,5		
Landbúnaðarsafn Íslands	0,5		
<b>Samtals</b>	<b>100,0</b>	<b>55 ,0</b>	

Fundinn sátu einnig: Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri, Cecilie Gaihede fagstjóri Sarps í afleysingu, Anna Lía Rúnarsdóttir fyrrverandi formaður rekstrarstjórnar Sarps og safnmennirnir Anna Lía Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir frá Borgarsögusafni og Dagný Heiðdal frá Listasafni Íslands,.

3. **Árskýrsla stjórnar RS:** Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri RS kynnti skýrslu stjórnar RS árið 2018 og lauk máli sínu með því að flytja Önnu Lísu Rúnarsdóttur þakkir fyrir vel unnin störf sem formaður rekstrarstjórnar Sarps.
4. **Ársreikningar RS:** Dagný Heiðdal, gjaldkeri stjórnar RS, kynnti ársreikning RS.
5. **Umræður:** Fundarstjóri bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning. Engar athugasemdir og s ársreikningurinn samþykktur einróma.
6. **Kosning fulltrúa í fulltrúaráð:** Fundarstjóri kynnti tillögu að skipun fulltrúa í fulltrúaráði og var hún samþykkt samhljóða.
  - Þorbjörg Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjármála- og þjónustu Þjms. **Formaður ráðsins**
  - Anna Guðný Ásgeirsdóttir, fjármála- og mannauðsstjóri Listasafns Íslands
  - Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar
  - Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands
  - Dagný Heiðdal, deildarstjóri Listaverkadeildar Listasafns Íslands
  - Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri munavörslu Borgarsögusafni Reykjavíkur
  - Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri
  - Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Þjóðminjasafns Íslands
  - Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands
7. **Kosning endurskoðenda:** Fundarstjóri bar upp tillögu um að Halldór Arnarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Bakland endurskoðun og ráðgjöf ehf. yrði kosinn endurskoðandi ársreikninga. Var það samþykkt.
8. **Breytingar á samþykktum:** Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

9. **Önnur mál:** Sveinbjörg kvaddi sér hljóðs og ræddi um auglýsingaherferð Sarps og biðlaði til safnafólks að halda kynningarherferðinni áfram. Nokkrar umræður sköpuðust og það kom fram að Sarpur er að ná til nýs hóps. Lagt til að nýta líka Instagram – en það er vandkvæðum bundið því taka þarf myndir úr samhengi Sarps til þess að birta á Instagram sem gengur ekki upp. Lagt til að hvert safn efni til kynningar á Sarpi í tengslum við birtingu mynda á ytri vef Sarps í kjölfar samþykktu við Myndstef. Einnig lagt til að safnmenn grípi umræðuna í samfélaginu og tengi við Sarp á samfélagsmiðlum.

Fleiri mál voru ekki lögð fyrir og fundi slitið kl. 14:50.

Í beinu framhaldi af aðalfundi fóru fram umræður um skráningu og meðferð gagna hjá aðildarsöfnum Sarps í ljósi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. **Sigrún Jóhannesdóttir lögræðingur og persónuverndarfulltrúi** Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og fleiri safna flutti inngang um málið og svaraði síðan spurningum úr sal.



Erla S. Árnadóttir, fundarstjóri



Inga Jónsdóttir, fundarritari